

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 — 1980

Nr. 135.

196

5. mars 1980.

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum loðnubáta í mars — apríl 1980.

1. gr.

Loðnuskipum þeim, er loðnuveiðar stunda eftir 5. mars 1980, er óheimilt að stunda þorskveiðar í net, á línu og í botn- og flotvörpu til 1. maí 1980.

Þó er hverju loðnuskipi, án þess að það hafi áhrif á þorskveiðiheimildir þess, heimilt að veiða 750 lestir af loðnu sbr. reglugerð nr. 133 19. febrúar 1980, um veiðar á loðnu til frystingar og hrognatöku á vetrarvertíð 1980 og leyfi til loðnuveiða til frystingar útgefnu af ráðuneytinu 19. febrúar 1980.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og skal með mál út af brotum farið að hætti opnberra mála.

Um upptöku afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávaraflla.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. mars 1980.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Jón B. Jónasson.